

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 25. apríl 2022
UST202204-081/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Gráhelluhraun – Skógargarður - Hafnarfjarðarbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 7. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Gráhelluhraun í Hafnarfirði.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagssvæðið er um 39 ha að stærð og afmarkast það af reit Skógræktarfélags Hafnarfjarðar á Gráhelluhrauni. Auk þess kemur fram að Gráhelluhraun er eitt af nokkrum hraunum sem á uppruna sinn í Búrfellseldstöðinni, en hraunin eru talin vera um 8000 ára gömul. Einnig kemur fram að helstu áherslur skipulagsins eru að skilgreina stíga, reiðleiðir til útivistar og bílastæði.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að Gráhelluhraun fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Skógrækt í hrauni

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra

tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála framkvæmdaleyfisins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur